

Foreldrafundur haldinn í Öxarfjarðarskóla 30. september 2025 kl. 19:30

Mættir: Guðrún Jónsdóttir, Maríus S. Halldórsson, Kristín Eva Benediktsd., Einar Atli Helgason, Halldís Gríma Halldórsd., Ómar Gunnarsson, Ann-Charlotte Fernholm, Elvar Már Stefánsson, Matthildur Jónsdóttir, Jóhannes Gestsson, Svala Rut Stefánsd., Hugo Hultin, Baldur Stefánsson, Jónas Þór Viðarsson, Eyrún Ösp Skúladóttir.

Starfsfólk mætt: Christoph, Hrund, Vigdís, Raket Anna, Hildur, Arna, Eyrún, Sahar, Guðlaug, Silja, Jenny, Lára; Conny og Guðrún Lilja eru í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Ísbrjótur – Christoph sér um
 1. Teiknileikur í tveimur röðum.
2. Upplýsingar frá skólastjóra
 1. Hrund byrjaði á því að fara yfir nemendur og starfsfólk skólans alls þar sem 56 nemendur stunda nú nám við skólann. ÍSAT nemendur eru samtals 23 í skólanum. Í skólanum eru töluð 6 tungumál. 17 starfsmenn starfa við leik- og grunnskóla í 14,6 stöðugildum.
 2. Helstu viðburðir skólaársins eru vettvangsferð grunnskólans í Þjóðgarðinn, árshátíð í lok nóvember, skólaferðalag 1.-7. b. til Þórshafnar, Litlu-jólin, Þorablót, Vogleði, Sumarhátíð leikskólans og skólaferðalag unglingadeildar að vori (3ja hvert ár til útlanda - ekki komin endanleg staðsetning í vor).
 3. Samstarf er mikið við Íþróttafélagið Þingeying (tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum). Tónlistarskóli Húsavíkur kemur nú annan hvern mánudag og kennir í fjarkennslu annan hvern mánudag, Jónas Þór kemur á hverjum mánudegi. YST - listamaður Norðurlþings 2025 verður með samstarfsverkefni á skólaárinu sem unnið verður í bæði leik- og grunnskóla og ber yfirheitið “Móðirin”, sýning mun verða á bókasafninu á Kópaskeri í vor. Grunnskóli Raufarhafnar sækir sérstaka viðburði í Öxarfjarðarskóla og fer með á Laugamót.
 4. Hrund sagði frá starfsþróun starfsfólks við Öxarfjarðarskóla. Farið verður í ferð til Finnlands þar sem skoðaðir verða skólar. Ferðin stendur frá 22.-26. október. Síðan hefur skólinn fengið fjárveitingu fyrir þróunarverkefni í Leiðsagnarnámi og leiðsagnarmati. Starfsmenn sóttu námskeið á starfsdegi 29. sep. í Jákvaðum aga og stýrihópur hefur verið myndaður í skólanum.
 5. Hrund stiklaði á stóru um leiðsagnarnám/leiðsagnarmat og hvernig það er nýtt í skólanum til að efla nemendur, þau hafi vegvísi og vörður og viti hvert skal stefna.
 6. Stoðþjónustan okkar er Skólaþjónusta Norðurlþings. Þar er Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur og þjónustar Öxarfjarðarskóla í vetur og svo Berglind Júlíusdóttir sem er talmeinafræðingur.
 7. Skólahjúkrunarfræðingur er Kristey Bráinsdóttir og kemur í skólann fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði frá 9-14.
 8. Hrund minntist á leyfi, veikindi og önnur forföll, hafa þarf fyrirvara á leyfisbeiðnum þar sem ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir barn með dags fyrirvara. Hafa skal samband við umsjónarkennara þegar það kemur upp og staðan metin hverju sinni. Leyfi sem varir í meira en 3 daga skal sækja um til skólastjóra.
 9. Skólastjóri vakti athygli á því að það er í höndum skólabílstjóra að meta aðstæður hverju sinni þegar óveður er í vændum, foreldrar eru látnir vita að morgni. Vangaveltur komu upp meðal foreldra á fundinum um hvort æskilegt þyki að farið sé af stað í rauðum veðurviðvörðunum.
 10. Hrund minnti á vefsíðu skólans og hvatti fólk til að nýta sér það sem þar er.
 11. Hrund sagði frá hlutverki skólaráðs sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í því sitja 7 fulltrúar (6 fullorðnir og 1 nemandi). Upplýsingar um meðlimi er að finna á heimasíðu skólans. Kosning fer fram síðar á fundinum.
 1. Kosning í skólaráð:

1. Ómar Gunnarsson og Kristín Eva buðu sig fram, samþykkt samhljóða.
12. Foreldrafélag Öxarfjarðarskóla hefur stutt dyggilega við skólastarfið síðustu ár. Kjósa þarf einn nýjan fulltrúa síðar á fundinum. Hinir buðu sig fram áfram og fengu lófaklapp fyrir. Ann-Charlotte fer yfir skýrslu stjórnar í öðrum dagskrárlið, ber upp reikninga og loks kosningar.
3. Stjórn foreldrafélagsins og skólaráðs – skýrsla stjórnar, reikningar og kosningar.
 1. Fjáröflun hefur verið helsta starf félagsins, vöflukaffi í Ásbyrgi og á Kópaskeri (gekk ekki sem skyldi og verður hætt), sáu um bakstur fyrir árshátíð skólans, skipulögðu öskudaginn, hrekkjavökuganga á Kópaskeri, skipulögðu félagsvist, kostuðu fyrirlestur um ADHD í haust. Stjórn er að skoða að panta skólapeysur með nýju logoi skólans.
 2. Reikningar lagðir fram, til eru 3.435.621 kr inn á reikningi félagsins í ágúst 2025. Sala klósettpappírs hefur litlu skilað og verður hætt. Almenn ánægja með störf foreldrafélagsins kom fram á fundinum.
 3. Kosning í foreldrafélagið:
 1. Svala Rut bauð sig fram, samþykkt samhljóða.
 2. Ný stjórn skiptir með sér verkum.
4. Farsæld – tengiliðir
 1. Hrund stiklaði á stóru um farsældarlögin og innleiðingu þeirra. Hægt er að skoða skýringarmyndband inn á bofs.is. Öxarfjarðarskóli er að hefja vinnu við tékklista þar sem fram kemur hvaða úrræði skólinn hefur til að bregðast við á 1. stigi. Anna Björg Leifsdóttir frá félagsþjónustu Norðurþings kemur í skólann og styður við innleiðingu þar.
 2. Tengiliðir Öxarfjarðarskóla eru Lára Björk Sigurðardóttir fyrir grunnskólann og Arna Ósk Arnbjörnsdóttir fyrir leikskólann. Málstjóri í Norðurþingi er Anna Björg Leifsdóttir.
 3. Inn á heimasíðu skólans er hlekkur inn á Barna- og fjölskyldustofu www.bofs.is
5. Umræður
 1. Staða framkvæmda við skólann: Öryggismál á skólalóð sett í forgang, staðan tekin á öðrum verkefnum skólalóðar síðar með nýrri fjárhagsáætlun, nokkur óvissa með aðrar framkvæmdir að svo stöddu.
 2. Fyrirspurn frá Ómari varðandi úttekt hjá BSÍ, er engin eftirfylgni á þeim málum sem sett er út á? Þeir koma á hverju ári og lítið sem ekkert gert í úrbótum. Foreldrar hvetja til þess að ýtt sé á úrbætur svo fleira fái stert.
 3. Sundlaugarframkvæmdir eru enn á skipulagi fyrir árið 2026. Skólastjóri óskaði eftir því að Gamli Lundur verði frístundahúsnæði en það er ekki komið á hreint ennþá. Allavega verður það ekki fyrr en klórdælan er komin út fyrir húsnæðið.
6. Opnar deildir (leikskóli, yngri deild, mið- og unglingadeild)

Fundarritari: Lára Björk Sigurðardóttir